

# Ferðasaga – LCI AGM Rotterdam 2019



Alltaf finnst mér jafn erfitt að skrifa ferðasögur og reyna að útskýra þessa mögnuðu LC viðburði sem alheimspingin eru. Þetta var í sjöunda skiptið sem ég fór á alheimsping Ladies Circle og án ef ekki það síðasta. Í ár var öllu til tjaldað af skipuleggjendum þar sem alheimssamtökin eru 60 ára.

Hjá mér byrjaði ráðstefnan á miðvikudeginum 28. ágúst með Councillors dinner, þá hittast fulltrúar landanna ásamt alheimsstjórn og fyrrum alheimsstjórnarkonum. Virkilega skemmtilegt kvöld með góðum mat og frábærum félagsskap.

Fulltrúaráðsfundurinn hófst svo eldsnemma morgunin eftir, vanalega mæta bara fulltrúar á þann fund en ég var beðin um að vera svokallaður Scrutineer á fundinum, ásamt LC konu frá Belgíu. Skemmtilegt en krefjandi hlutverk þar sem við þurftum að fylgjast

með því að allt færi rétt fram og að kosningar væru löglegar. Fundurinn var alltof langur að venju og því lítil tími til að taka sig til fyrir opunarhátíðina og skruðgönguna, seinna um daginn. Það fylgir þessum ráðstefnum að taka sig til á methraða.

Skrúðgangin var mögnuð að vanda og welcome party-ið ansi skemmtilegt, það var mikið dansað og hlegið þetta kvöld og sáttar konur sem héldu heim á leið seint að kvöldi til eða kannski meira að nóttu til.



Föstudagurinn 30. ágúst, hófst snemma enda aðalfundur samtakanna framundan. Áhugaverður fundur með tilheyrandi lagabreytingum og fjármálum en auk þess voru spennandi kosningar, fyrrverandi alheimsstjórnar meðlimir heiðraðar og svo var skálað í gini í tebollum eins og stofnfélagar LCint gerðu fyrir 60 árum síðan. Fundurinn endaði að sjálfsgöðu á að vera of langur og enn og aftur voru fataskiptin gerð á undraverðum hraða enda skemmtilegt kvöld framundan með heimapartyi.



Ég gerði mér nú ekki vonir um skemmtilegt heimapartý þar sem ég var í partýi með fyrrum alheimsstjórnarmeðlimum og meðalaldurinn ansi hár. En það kom á óvart og partýið reyndist ansi skemmtilegt þegar að upp var staðið, góður matur og mikið hlegið. Það er því kannski satt sem sagt er að LC kona verður alltaf LC kona og þótt árin færast yfir erum við alltaf jafn hressar! Eftir heimapartýið var aðeins dansað en svo heillaði rúmið meira en dansgólfið enda enn einn fundurinn á dagskrá daginn eftir.



Enn og aftur var vaknað snemma til að mæta á fund og nú var það International Contact Meeting þar sem nýjir fulltrúar landanna hittast ásamt nýrri alheimsstjórn, fara yfir árið sem er framundan og ræða hin ýmsu málefni tengd LC. Virkilega góður og skilvirkur fundur.

Smá tími var eftir þetta fundarhald til að taka sig til fyrir galakvöldið og eftir andlistmálun, hárupsetningu mislukkaða gerviaugháraásetningu var skundað í nálægt leikhús þar sem keðjuskipti og formleg ræðuhöld fóru fram. Að því loknu var rölt í risa snekkju eða kannski skip og silgt um sýki Rotterdam í ljósaskiptunum á meðan að 1400 galaklæddar konur stigu dansinn og skemmtu sér fram eftir nóttu.



Þegar allt er tekið saman þá var þetta stórskemmtileg ferð, með góðum fundum, stundum aðeins of löngum þó. Mikið var hlegið og vináttutengslin styrkt við gamlar vinkonur og nýjar. Þetta er alltaf jafn gaman og eitt er víst að þetta var ekki mitt síðasta LCI AGM.

Hildur Halldórsdóttir, LC7